

Reglur um úthlutun plássa í ungbarnþjónustu í leikskólum Mosfellsbæjar.

1. gr.

Ungbarnþjónusta er starfrækt við þrjá leikskóla í Mosfellsbæ fyrir börn að tveggja ára aldri eða þar til þau fá leikskólapláss í einhverjum leikskóla bæjarins.

2.gr.

Sótt er um pláss fyrir barn í ungbarnþjónustu á íbúagátt Mosfellsbæjar í sömu umsókn og sótt er um hefðbundið leikskólapláss.

3.gr.

Skilyrði fyrir vistun í ungbarnþjónustunni er að forráðamaður barnsins og barnið sjálft eigi lögheimili í Mosfellsbæ.

4. gr.

Umsóknin gildir sjálfkrafa fyrir þau ungbarnapláss sem bæjarfélagið starfrækir.

5. gr.

Úthlutanir í ungbarnþjónustu eiga sér stað eftir því sem pláss eru laus. Vistun í ungbarnþjónustu fellur niður þegar barni býðst hefðbundið leikskólapláss.

6. gr.

Úthlutun plássa í ungbarnþjónustu Mosfellsbæjar fer fram á eftirfarandi hátt:

- Fötluoð börn hafa forgang að pláss.
- Úthlutað er eftir aldursröð.

7. gr.

Hægt er að sækja um forgang að ungbarnþjónustu ef barnaverndarsjónarmið mæla með því. Umsóknir um forgang að ungbarnþjónustu, umfram 6. gr. eru unnar í samráði við starfsmenn barnaverndarnefndar.

8. gr.

Við upphaf vistunar barns í ungbarnþjónustu er gerður rafrænn samningur við foreldra eða forráðamenn barnsins um vistunina.

9.gr.

Barn sem innritast í pláss í ungbarnaþjónustu er ekki að innritast í hefðbundið leikskólapláss í viðkomandi leikskóla. Almenn úthlutun í leikskóla er að öllu jöfnu á haustin eða þegar pláss losna. Barn getur því innritast í ungbarnaþjónustu í einn leikskóla og farið svo í hefðbundið leikskólapláss í öðrum leikskóla þegar að þeirri úthlutun kemur.  
Samþykkt í Bæjarstjórn á 687 fundi 25. janúar 2017.